

Alur Álvinnsla ehf.
Klafastaðavegi 4
301 Akranes

Reykjavík, 21. desember 2023
UST202312-044/H.S.J.
08.07.00

Efni: Erindi um starfsemi sem fellur undir 2. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1998 - Alur Álvinnsla

Vísað er til erindis sem Umhverfisstofnun barst í tölvupósti 6. desember sl. Í erindinu er vísað í bréf stofnunarinnar, dags. 27. janúar 2022, þar sem stofnunin féllst á sjónarmið rekstraraðila um að framkvæmd vinnsluferils við endurvinnslu saltköku og viðkomandi prófanir félli undir prófanir á nýjum vörum og vinnsluferlum sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1998 og ferillinn væri því undanþeginn starfsleyfisskyldu í allt að 3 ár. Rekstraraðili áætlaði þá að prófanir myndu hefjast árið 2022 og staðfesti Umhverfisstofnun í bréfi að Alur álvinnsla gæti farið í þá framkvæmd á árunum 2022-2024 án þess að þurfa starfsleyfi til þess frá stofnuninni.

Í erindinu fer rekstraraðili yfir að uppsetning búnaðar hafi tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir og að tilraunakeyrslur hafi ekki hafist fyrr en í maí 2023, í stað byrjun árs 2022 eins og áætlað var. Eftir fyrstu prófanir sé rekstraraðila ljóst að ekki sé hægt að gera ráð fyrir endanlegri niðurstöðu fyrr en á seinni hluta árs 2024 og mögulega ekki fyrr en á fyrri hluta árs 2025. Að þessu sögðu fer Alur álvinnsla fram á að prófanirnar geti farið fram án gilds starfsleyfis árin 2023 - 2025 í stað 2022 - 2024.

Eftirlitsaðili stofnunarinnar hefur staðfest að umræddar prófanir hófust ekki fyrr en á fyrri hluta árs 2023. Umhverfisstofnun féllst því á það sjónarmið að heimilt verði að stunda þessar prófanir án gilds starfsleyfis á tímabilinu 2023 - 2025, þar sem framkvæmdin varir skemur en þrjú ár sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1998.

Líkt og áður fer stofnunin fram á að árlegar framvinduskýrslur verði sendar eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert á meðan framkvæmdin er í gangi. Einnig fer stofnunin fram á að skýrsla er greinir frá niðurstöðu verkefnisins í heild skuli berast þegar því er lokið, eigi síðar en 4 mánuðum eftir lok þess. Í framvinduskýrslu skal gera grein fyrir niðurstöðum er varða losun í ferlinum og önnur umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Stofnunin minnir einnig á að hyggist rekstraraðili halda framkvæmdinni áfram að þessum tíma loknum skal sækja um breytingu á starfsleyfi með góðum fyrirvara og að matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar eða eftir atvikum álit á mati á umhverfisáhrifum er forsenda þess að hægt sé að breyta starfsleyfi.

Virðingarfyllst,

Hulda Soffía Jónasdóttir

sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson

teymisstjóri